



Hreppsnefnd 13. september 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 13. sept. 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 13. sept. 2001 kl. 16,00 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Alexander Árnason, Steindór Sveinsson og Sigurveig Róbertsdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. ágúst sl. Fundargerðin rædd og samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 30. ágúst sl. Fundargerðin rædd og nokkur umræða var um kostnað við rekstur mótuneytis skólans. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 13. sept. 2001. Rætt var um stefnumörkun við byggingu bráðabirgðahúsnæðis. Einnig var rætt um störf byggingafulltrúa og lagt til að hann hafi fasta viðtalstíma á Vopnafirði.
Oddviti bar fundargerðina upp og var hún samþykkt samhljóða.
4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 13. sept. 2001. Hafþór Róbertsson og sveitarstjórinn skýrðu kostnaðartölur við viðgerð á nýrri viðlegu og greindu frá því að framkvæmdir væru að hefjast. Að loknum umræður bar oddviti fundargerðina upp og var hún samþykkt samhljóða.
5. mál. Kaupvangur, tilboð í lóð. Sveitarstjóri skýrði fyrirleggjandi tilboðið frá Mælifelli ehf. og var það samþykkt með 5 atkv. eftir að oddviti hafði borið það upp.
6. mál. Fjárlaganefnd Alþingis, viðtal. Samþykkt var að fara á fund nefndarinnar föstudaginn 28. sept. nk.
7. mál. Hagstofa Íslands, mannfjöldatölur á Íslandi. Lagt fram til kynningar.
8. mál. Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, umsög um gistileyfi. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti erindi sýlumanns varðandi gilstileyfi í Syðri-Vík.
9. mál. Samband Ísl. Sveitarfélaga, fjármálaráðstefna. Sveitarstjóra falið að undirbúa þátttöku hreppsnefndar.
10. mál. Bréf áhugafólks um stofnun vinnustofu, dags. 11. sept. sl. Bréf barst um afnot af húsnæði fyrir áhugafólk um stofnun vinnustofu á neðri hæð Hamrahlíðar 15. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erndið og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við viðkomandi áhugamannahóp.
11. mál. Gjöf , vegna framkvæmda við sundlaug í Selárdag. Gjöf barst frá Þorsteini Þorgeirssyni, Ytra-Nýpi, vegna framkvæmda við bætt aðgengi í sundlaugina að fjárhæð kr. 200.000.
Þakkar hreppsnefnd höfðinglega gjöf.
12. mál. Mótun nýs sveitarfélags, fundur boðaður í Svartaskógi 25. sept. nk., með sveitarstjórnarmönnum, þar sem kynnt verður skýrsla starfshóps um mótun nýs sveitarfélags á norðursvæði Austurlands.

Fleira ekki rætt og oddviti sleit síðan fundinum.